

Haustbréf 2021

Kæru notendur bókasafnsins í Grundarfirði.

Nú er fólk og fénaður kominn af fjalli, eða þannig, og lífið að falla í fastar skorður. Hjá okkur á bókasafninu var opið í sumar fjóra daga í viku og þannig verður það í vetur:

Mánudagar-fimmtudagar kl. 13:00-17:00.

Nokkuð margir nýttu tækifærið til að fá lánað sumarlán til 30. september. Flestir hafa skilað því sem búið er að nota eða framlengt því sem út af stendur. Nú bjóðum við upp á vetrarlán til 30. apríl 2022. Það er hægt að fá slatta af efni eldra en frá 2020 lánað hvenær sem er í allan vetur og taka fram að um vetrarlán sé að ræða. Það sem við vinnum með þessu er að færri eldri bækur þarf að flytja niður í geymslu en geta þó fengið þær lánaðar ef þarf.



GEYMSLAN

Þá er það geymslan. Mig langar til að hafa opið hús/geymslu einu sinni í mánuði í vetur. Þar leynast gamlir og góðir vinir og ýmislegt lesefni sem fólki sést yfir í áranna rás m.a.skáldsögur, ævisögur, áttthagaefni, fræðibækur, tímarit og fleira.

Merkið dagana inn á dagatalið ykkar >>

Miðvikudagar kl. 11:00-12:00

Bókasafn og geymsla:

Þau sem ekki eiga heimangegnt af aldurs- eða heilsufarsástæðum geta haft samband og pantað bækur sem komið verður með heim.



LEIT Í GEGNI

NÝ LEIT

...



Innskrárir

Grundarfjörður bguav



ÍTARLEG
LEIT

Allt efni

Sem inniheldur leitarorðin

Öll svið

<https://leitir.is/>

Hægt er að leita í öllu bókasafninu á Internetinu. Á [Leitir.is](https://leitir.is/) er leitargluggi þar sem rita má heiti bókar eða höfundar og skammstöfunina **bguav** með.